

Ed.

73. Tillaga

til þingsályktunar um lánveiting til raflýsingar á Ísafirði.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina að lána Ísafirði 100,000 kr. úr viðlagasjóði til raflýsingar. Lánið ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Ástæður:

Í nágildandi fjárlögum er lánsheimild til þessa fyrirtækis, en talsvert lægri. Síðan hefir nákvæm áætlun sýnt, að stöðin kostar helmingi meira (ö: 200,000 kr.) en þá var ráð gert fyrir, enda er hún mun stærri, sakir þess að ætlast er til, að Hnifsdalur noti hana líka. Verði ekki undið að framkvæmd þessarar raflýsingar á næsta sumri, telur verkfræðingur að þá verði að fresta því um 3 ár.